

53. Siglingaþing Siglingasambands Íslands

Skýrsla stjórnar



21.02.2026

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

Siglingasamband Íslands

Íþróttamiðstöðinni Laugardal
Engjavegi 5
104 Reykjavík
netfang sil@silsport.is

Efnisyfirlit

DAGSKRÁ 53. SIGLINGAÞINGS	3
STJÓRN SÍL KOSIN Á 52. SIGLINGAÞINGI 2025	3
YFIRLIT YFIR IÐKENDUR	4
SKÝRSLA STJÓRNAR	5
ÚRSLIT 2025	9
LÖG SÍL	15

Skýrsla 53. Siglingaþings var unnin af
Gunnari Haraldssyni
Úlfi Helga Hróbjartssyni

Dagskrá 53. Siglingaþings SÍL

1. Formaður setur þing.
2. Kosning 3 manna kjörbréfanefndar
3. Kjörinn þingforseti.
4. Kjörnir 1. og 2. þingritari
5. Ávörp gesta
6. Álit kjörbréfanefndar lagt fram og samþykktar
7. Lögð fram skýrsla stjórnar
8. Lagður fram til samþykktar endurskoðaður rekstrar og efnahagsreikningur liðins árs af félagslega kjörnum skoðunarmönnum reikninga félagsins.
9. Umræður um skýrslu stjórnar
10. Umræður um og samþykkt reikninga
11. Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir næsta fjárhagsár
12. Lagabreytingatillögur
13. Aðrar tillögur sem kynntar voru í fundarboði
14. Önnur mál: Teknar fyrir tillögur og önnur mál sem lögð hafa verið fyrir þingið
15. Tillögur fjárhagsnefndar
16. Kosningar
 - a. Stjórn og varastjórn sbr 6 gr.
 - i. b) Kosning fastanefnda
 - i) Fjárhagsnefnd 3 manna
 - ii) Laga- og leikreglnanefnd 3 manna
 - iii) Mótanefnd 3 manna
 - b. Tveir félagslega kjörnir skoðunarmenn reikninga (sbr. lið 2.2).
 - c. Fulltrúa á íþróttáþing í samræmi við reglur ÍSÍ
17. Þingslit

Stjórn SÍL kosin á 52. Siglingaþingi 2025

Gunnar Haraldsson formaður
Anna Karen Jörgensdóttir varaformaður
Helga Veronika Foldar ritari
Gauti Elfar Arnarsson gjaldkeri
Aðalsteinn Jens Loftsson meðstjórnandi
Árni Friðrik Guðmundsson varamaður
Markús Pétursson varamaður
Þóra Z. Þórðardóttir varamaður

Yfirlit yfir iðkendum

Í eftirfarandi töflu má sjá tölur um fjölda iðkenda í siglingum sem unnar eru úr skýrsluskilum á vormánuðum 2025.

Héraðssamband/félög	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025
Íþróttabandalag Reykjavíkur							
Brokey, Siglingafélag Reykjavíkur	175	171	170	258	376	486	590
Kayakklúbburinn	491	493	491	880	372	389	437
Ungmennafélag Kjalarnespings							
Siglingafélagið Ýmir	209	209	230	15	196	302	525
Siglingafélagið Vogur						106	9
Íþróttabandalag Akureyrar							
Siglingafélagið Nökkvi	245	276	266	234	237	389	530
Íþróttabandalag Hafnarfjarðar							
Siglingaklúbburinn Þytur	506	572	253	173	121	179	286
Siglingafélagið Hafliði				15	19	15	15
Héraðssamband Snæfells og Hnappadalssýslu							
Siglingadeild Snæfells	1	1	0	0	0	0	0
Héraðssamband Vestfirðinga							
Siglingafélagið Sæfari	50	50	112	66	86	74	80
Ungmennasamband Skagafjarðar							
Siglingaklúbburinn Drangey	97	97	97	97	97	97	97
Íþróttabandalag Akraness							
Siglingafélagið Sigurfari	35	69	52	44	55	55	0
Alls	1.809	1.938	1.617	1.782	1.782	2.000	2.454

Siglingafélagið Knörr í Keflavík var endurvakið vorið 2022 og við höfum ekki staðfestar tölur um fjölda iðkenda þar. Svo er Sjósportfélag Austurlands ekki hluti af UA og því höfum við ekki tölur þaðan.

Skýrsla stjórnar

Enn eitt siglingarárið er runnið sitt skeið á enda. Á síðasta Siglingaþingi voru samþykktar breytingar á mótahaldi þar sem SÍL tók að sér yfirumsjón siglingamótamóta í samvinnu við siglingafélögin. Svo virðist sem það fyrirkomulag hafi reynst vel þó að enn eigi eftir að þróa það betur. Keppendur voru ánægðir með fyrirkomulagið og aukin áhersla en áður var lögð á að gera mótin skemmtileg fyrir alla þátttakendur. Aðalsteinn Jens Loftsson og Úlfur H. Hróbjartsson skiptu með sér verkum í keppnisstjórn hér á höfuðborgarsvæðinu en Hörður Finnbogason tók að sér skipulag keppnisstjórnar fyrir Akureyrarmótið. Auk þessara aðila kom hópur sjálfboðaliða að mótahaldinu í ár og gekk það mjög vel.

Með nýrri umgjörð mótahalds var einnig innleitt nýtt kerfi keppnisleyfa til að hægt væri að fylgjast með að þeir sem skráðu sig til keppni væru meðlimir í siglingafélögum líkt og reglur gera ráð fyrir. Alls voru gefin út 61 keppnisleyfi í ár.

Á síðasta þingi var einnig afhent gullmerki SÍL til handa þeim heiðursjónum Kristófer Óliverssyni og Svanfríður Jónsdóttur en þau hafa stutt veglega við bakið á siglingaíþróttinni á undanförunum árum. Rúnar Þór Björnsson hlaut einnig gullmerki SÍL í ár og var það afhent á aðalfundi Nökkva.

Reglunámskeið í mars 2025

Nýjar kappsiglingareglur tóku gildi á árinu 2025 sem gilda út árið 2028. Reglur Alþjóðasiglingasambandsins (World Sailing) eru endurskoðaðar yfir fjögurra ára tímabil og gefnar út eftir hverja Ólympíuleika. SÍL hélt námskeið í mars til að fara yfir reglurnar og þá sérstaklega þær breytingar sem gerðar hafa verið á þeim. Aðalsteinn Jens Loftsson frá Ými kenndi námskeiðið.

Keppnisstjóranámskeið

SÍL hét síðan keppnisstjóranámskeið í til að undirbúa fleiri fyrir þátttöku í keppnisstjórnnum. Fleiri slík námskeið verða haldin í framhaldinu enda er ljóst að áhugi á keppnisstjórn er til staðar og þeir sem tóku þátt í starfinu höfðu gaman að.

Kjölbátastarf

Kjölbátastarfið var öflugra á árinu en oft áður en betur má ef duga skal. Það er alltaf jákvætt ef stefnan er upp á við og hvetur SÍL aðildarfélögin til að efla kjölbátastarfið hjá sér enn frekar. SÍL bauð upp á kennslu/klínik fyrir kjölbáta en því miður var það svo illa sótt og aflýsa varð viðburðinum Ástralskur Þjálfari var fenginn til landsins en því miður var ekki áhugi á að nýta sér þekkingu hans. Koma hans vakti þó nokkra athygli því hann hélt fyrirlestur um þátttöku sína í hinni víðfrægu Sidney Hobart keppni.



Afreksstarf

Sökum álags í námi afrekshóps SÍL varð minna um keppnisferðir og æfingabúðir en undanfarin ár. Það var þó ekki þannig að minni kröfur væru gerðar til þeirra heldur var starfið gert markvissara með ráðningu landsliðsþjálfara. Sá heitir Mads Severin Hassum Olsen og kemur frá Noregi. Mads hefur mikla reynslu, bæði sem keppandi og þjálfari. Undir hans leiðsögn hefur hópurinn stundað æfingar bæði á sjó og landi. Í hópnum eru þau Hólmfríður Kolbrún Gunnarsdóttir, Hrafnkell Stefán Hannesson og Sigurður Haukur Birgisson. Stefnt er á þátttöku í erlendum mótum á komandi ári með skýrari markmiðum en áður. Þó landsliðshópur ILCA siglara okkar hafi ekki keppt erlendis síðastliðið sumar þá átti SÍL glæsilega siglingara í landsliðshópi Optimist. Þeir Guðmundur Leó Gunnarsson og Heimir Halldórsson tóku þátt í Norðurlandamóti ungmenna síðastliðið sumar. Mótið var haldið í Eistlandi og stóðu þeir félagar sig mjög vel. Guðmundur endaði í 65 sæti og Heimir í því 86. Keppendur voru alls 92 og var þetta fyrst erlenda keppni þeirra félaga af þessari stærðargráðu.



Vottuð siglingakennsla

Rob Holden, sem er mörgum íslenskum siglurum vel kunnur, kom í sumar til að leggja lokahönd á fræðslu og menntakerfi SÍL áður en fulltrúar World Sailing kæmu til landsins til að taka út kerfið. Hann tók þátt í því að heimsækja þau félög og meta sem stóðust kröfur SÍL um siglingakennslu. Í ár fengu fjögur félög vottun fyrir faglega siglingakennslu. Það voru Brokey Nökkvi, Ýmir og Þytur. Í lok júlí komu þau Richard Percy og Catherine Duncan til landsins og tóku út siglingamenntun SÍL og uppbyggingu þess. Þau heimsóttu einnig félögin fjögur sem hlotið höfðu viðurkenningu og tóku út starfseminu þar. Í kjölfarið fékk SÍL vottun Alþjóðasiglingasambandsins á siglingakennslu og



þjálfaramenntun sinni. Skipar SÍL sér þar með á bekk með sumum af stærstu siglingaþjóðum heims eins og Bretum, Áströlum Ný-Sjálendingum og Frökkum.

Aðstöðumál.

Skortur á aðstöðu hamlar starfsemi margra siglingafélaga. Sum félög eru að gefast upp sökum aðstöðuleysis enn er ekkert fast í hendi vegna byggingu Fossvogsbrúar. Sú framkvæmd lokar fyrir að hægt sé að stunda siglingar og æfingar á Fossvogi. Vogur í Garðabæ hefur komið sér upp aðstöðu með útsjónarsemi og mikilli elju. Lítið hefur gerst í aðstöðumálum annars staðar á árinu. SÍL hefur verið að safna upplýsingum um aðstöðuna víða um land og samkvæmt þeim er víða pottur brotinn. Nú, þegar sveitarstjórnarkosningar standa fyrir dyrum, er lag til að hvetja sveitarfélög til að gera betur. Hefur sambandið í því skyni hafið undirbúning að herferð til að vekja athygli á hafinu sem útivistar- og keppnissvæði öllum til hagsbóta, -ekki bara siglingafólki.

Íslandmót á straumkayak

Íslandsmótið í straumkayak var haldið í fyrsta sinn í 15 ár seinasta sumar. Mótið var haldið í Tungufljótinu í Bláskógarbyggð rétt við Gullfoss og Geysi. Í undankeppninni var keppt með slalom formi, þar sem einn keppir í einu og tekinn er tími, en ræðarar þurfa þar að snerta 4 hlið á leiðinni í gegnum flúðirnar. 10 bestu tímarnir komust áfram í karlaflokki en 6 í kvennaflokki. Í úrslitakeppninni kepptu tveir og tveir saman á sama tíma og var þá ekki stuðst við tímatöku heldur var þá sá fyrsti í mark sem komst áfram þar til úrslitaviðureignin fór fram. Í þessum sprettum þurfti einungis að snerta eitt hlið á leiðinni niður flúðirnar.

Róður

Enn er unnið að undirbúningi á róðrarstarfsemi hjá Ými og von er á fyrsta bátnum til landsins nú í vor. Ljóst er að áhugi er fyrir hendi og verður gaman að sjá endurvakningu á róðri hér á landi. Breytingar hafa átt sér stað í greininni og nú er einnig farið að keppa á bátum sem henta íslenskum aðstæðum mun betur heldur en klassískir kappróðrabátar.

Íþróttafólk ársins

Loka hóf SÍL var haldið þann 18. október. Þar var farið yfir árið og veitt verðlaun fyrir góða frammistöðu og gott starf á árinu. Saumaklúbburinn hjá Ými hlaut verðlaun sem sjálfboðaliðar ársins. Meðlimir hópsins hafa hist reglulega hjá Ými síðastliðinn vetur og gert upp Micro 18 bát sem gefin var siglingafélaginu. Báturinn reyndist svo vinsælasti bátur Ýmis í sumar.

Gunnars Steingrímssoní Ými hlaut Hvatningarverðlaun SÍL á árinu. Gunnar hefur nýlega hafið að sigla kænnum og hefur sýnt mikinn vilja til að bæta sig og ná árangri á árinu. Enda voru framfarirnar ekki lengi að koma fram. Lioba Helen Shijo úr Siglingaklúbbnum Þyt var valin efnilegasti siglingmaður ársins 2025. Lioba siglir á Optimist og stóð sig mjög vel á árinu og velgdi mun vanari siglingamönnum undir uggum. Það verður spennandi að fylgjast með framförum Liobu á komandi árum. Hinn eftirsóttá Strandbikar fékk Sigtryggur Baldursson. Hann átti klaufalegt strand á seglskútunni Carmen þar sem hann var á leið í höfn hjá Siglingafélaginu Ými.



Íslandsbikarinn vann áhöfnin á Bestu úr Brokey og siglingafólk ársins voru þau Hrafnkell Stefán Hannesson Brokey og Hólmsfríður Kolbrún Gunnarsdóttir sem keppti fyrir Þyt.

World Sailing / Alþjóðamál

Snemma á síðasti ári lést fyrrum formaður Danska Siglingasambandsins Line Market í flugslysi í Sviss ásamt eiginmanni og syni. Line hafði þá nýlega verið kjörin í stjórn Alþjóðasiglingasambandsins með yfirburðar kosningu. Mikil missir var af henni bæði í starfi alþjóðasambandsins sem og á vettvangi Norræna siglingasambandsins.

Norrænt samstarf er mjög öflugt en þar koma saman Norðurlandþjóðirnar og Eystrasaltsþjóðirnar. Samvinnan nær lengra heldur en bara til Alþjóðasiglingasambandsins en haldnir eru reglulegir fundir þar sem málefni okkar allra eru reifuð og margs konar samstarfi komið á fót. Á þessum vettvangi eru tækifæri fyrir okkur Íslendinga að nýta þekkingu og reynslu vinaþjóða okkar. Nú eru í undirbúningi sameiginleg keppnisstjóra- og dómara námskeið. Að auki eru ýmis tækifæri til að æfa sig og læra af reyndum keppnisstjórum á mótum víða innan Norræna siglingasambandsins.



Þing Alþjóðasiglingasambandsins var haldið í Dublin í nóvember. Tvö stór mál lágu fyrir þinginu, annars vegar kosning varaforseta í stjórn sambandsins til að taka sæti Line Market og fyrir Özlem Akdurak sem sagði sig úr stjórn þar sem hún gat ekki verið bæði verið í stjórn og formaður tyrkneska siglingasambandsins á sama tíma. Kosningu náðu þær Corinne Migraine frá Frakklandi og Sophia Papamichalopoulos frá Grikklandi. Hitt stóra málið sem lá fyrir þinginu voru breytingarnar á keppnisfyrirkomulagi fyrir Ólympíuleikana. Breytingar hafa legið lengi í loftinu en erfitt hefur reynst að finna ásættanlega niðurstöðu. Megin ástæða breytinganna eru að gera siglingar sjónvarpsvænni. Tekjur af sjónvarpsölu eru helsta uppspretta tekna megin Ólympíuhreyfingarinnar og þar með Alþjóðasiglingasambandsins. Af þeim sökum þykir nauðsynlegt að laga mótahaldið að sjónvarpsútsendingum svo siglingar verði áfram hluti af leikunum. Megin breytingarnar sem samþykktar voru snúa að styttri siglingatíma og meiri rafrænni dómgæslu líkt og á sér stað í Sail GP mótaröðinni. Að auki er styttri undankeppni til að komast í hóp efstu 10 sem munu sigla 3 keppnir í úrslitum í stað einnar umferðar í dag. Önnur stór breyting er sú að tími hvernar umferðar verður stytur verulega. Í stað 40 mínútna hjá ILCA bátum í dag verður stefnt að 12-17 mínútna umferðum.

SÍL var beðið um að flytja erindi um viðurkennda siglingakennslu á Íslandi og hvaða leið við förum til að ná þeim áfanga. Úlfur flutti erindið og var því vel tekið.

Úrslit 2025

Kayak

Íslandsmót fyrir straumkayak. Mótið var haldið í Tungufljóti, Biskupstungum.

Kvennaflokkur

1. sæti - Maite (Spánn)
2. sæti - Tinna Sigurðardóttir (Íslandsmeistari)
3. sæti - Freyja Sif Friðriksdóttir

Karlaflokkur

1. sæti - Ashu Rawat (Indlandi)
2. sæti - Máni Baldur Mánason (Íslandsmeistari)
3. sæti - Daman Singh (Indlandi)

Kænur

Opnunarmót – Haldið í samvinnu við Siglingaklúbbinn Þyt

Sæti	OPINN FLOKKUR	Bátur	Félag	U1	U2	U3	U4	Stig	Leiðrétt
1	Veronica Sif Ellertsdóttir	Aero 5	Þytur	1	1	2	4	8	4
2	Aðalsteinn Jens Loftsson	RS Aero 7	Ýmir	4	3	1	1	9	5
3	Daníel ernir Jóhann Gunnarsson	ÍLCA 6	Brokey	2	2	4	3	11	7
4	Elías J Burgos	ILCA 6	Ýmir	3	4	3	2	12	8

Sæti	OPTIMIST	Bátur	Félag	U1	U2	U3	U4	Stig	Leiðrétt
1	Guðmundur Leó Gunnarsson	Optimist	Brokey	1	2	1	1	5	3
2	Heimir Halldórsson	Optimist	Brokey	2	1	2	2	7	5
3	Jökull Orri Arielsson	Optimist	Þytur	3	5	4	3	15	10
4	Lioba Helen Shijo	Optimist	Þytur	4	4	3	4	15	11
5	Philip M. Rögnvaldsson Krueger	Optimist	Þytur	5	3	5	5	18	13

Miðsumarmót – Haldið í samvinnu við Siglingaklúbbinn Þyt –dagana 30 júní-1.júlí

Sæti	OPINN FLOKKUR	Bátur	Félag	U1	U2	U3	U4	Stig	Leiðrétt
1	Aðalsteinn Jens Loftsson	RS Aero 7	Ýmir	6	1	1	4	12	6
2	Veronica Sif Ellertsdóttir	Aero 5	Þytur	4	3	2	2	11	7
3	Daníel ernir Jóhann Gunnarsson	ILCA 6	Brokey	5	4	3	1	13	8
4	Elías J Burgos	ILCA 6	Ýmir	1	2	6	5	14	8
5	Tóbý Sól Hermannsdóttir	Aero 5	Þytur	2	5	4	3	14	9
6	Halldor Gísli Karlsson	ILCA 6	Þytur	3	7	5	dsq	22	15
7	Gauti Smáráson/Bóas Tómasson	RS FEVA	Brokey	7	7	7	7	28	21

Sæti	OPTIMIST	Bátur	Félag	U1	U2	U3	U4	Stig	Leiðrétt
1	Guðmundur Leó Gunnarsson	Optimist	Brokey	1	1	2	1	5	3
2	Heimir Halldórsson	Optimist	Brokey	2	2	1	2	7	5
3	Helen Rose Philip Philip Máni Rögnvaldsson	Optimist	Þytur	3	3	4	3	13	9
4	Krueger	Optimus	Þytur	6	5	3	4	18	12
5	Aron Kári Kristjánsson	Optimist	Þytur	5	4	5	dns	24	14
6	Jökull Orri Arielsson	Optimist	Þytur	4	7	6	dns	27	17
7	Yrsa Eypórsdóttir	Optimist	Þytur	7	6	7	5	25	18
8	Baldur Helgi Einarsson	Optimist	Þytur	7	9	8	dns	34	24
9	Óðinn Hrafn Ívarsson	Optimist		8	8	9	dns	35	25

Íslandsmeistaramót – Haldið í samvinnu með Ými og Brokey

Sæti	OPINN FLOKKUR	Bátur	Félag	U1	U2	U3	U4	U5	U6	U7	U8	Stig	Leiðr.
1	Hólmfríður Kolbrún Gunnarsdóttir	ILCA 6	Þytur	1	1	1	1	1	1	1	1	8	6
2	Daníel Ernir Jóhanns Gunnarsson	ILCA 6	Brokey	3	2	2	2	2	2	2	2	17	12
3	Elías Burgos Kveldúlfur Snjóki M.	ILCA 6	Ýmir	2	3	3	3	4	3	3	3	24	17
4	Gunnarsson Tóbý Sól	ILCA 6	Nökkvi	4	5	4	4	5	4	4	4	34	24
5	Hermannsdóttir Birnir Mar	Aero 5	Þytur	5	4	5	5	3	5	5	5	37	27
6	Steinþórsson Dagmar	RS FEVA	Nökkvi	8	7	7	7	7	6	6	6	54	39
7	Steinþórsdóttir Friðrik Veigar Ólafsson	RS FEVA	Nökkvi	7	8	8	6	6	7	7	dns	57	41
8	Albert Gísli Barðason Veronica Sif Ellertsdóttir	Aero 5	Þytur	6	6	6	dns	dns	dns	dns	dns	58	42
Sæti	ILCA 7	Bátur	Félag	U1	U2	U3	U4	U5	U6	U7	U8	Stig	Leiðr.
1	Hrafnkell Stefán Hannesson	ILCA 7	Brokey	1	1	1	2	2	1	1	2	11	7
2	Sigurdur Haukur Birgisson	ILCA 7	Ýmir	2	2	2	1	1	2	2	1	13	9
4	Björn Thor Stefánsson	ILCA 7	Brokey	3	4	3	3	3	3	4	5	28	19
3	Kirill Zolotuskiy	ILCA 7	Brokey	4	3	4	4	5	5	3	3	31	21
5	Gunnar Steingrims	ILCA 7	Ýmir	5	5	5	5	4	4	5	4	37	27

Sæti	OPTIMIST	Bátur	Félag	U1	U2	U3	U4	U5	U6	Stig	Leiðr.
1	Heimir Halldórsson	Optimist	Brokey	1	2	2	1	1	1	8	6
2	Guðmundur Leó Gunnarsson	Optimist	Brokey	3	1	1	2	2	2	11	8
3	Lioba Helen Shijo	Optimist	Þytur	2	3	3	3	3	3	17	14
4	Philip Máni Rögnvaldsson Krueger	Optimist	Þytur	4	4	4	4	4	4	24	20
5	Gauti Smárason	Optimist	Brokey	5	dnf	dns	5	5	5	32	28
6-7	Gunnar Axel Gunnarsson	Optimist	Brokey	dns	dns	dns	dns	dns	dns	48	40
6-7	Aron Kári Kristjánsson	Optimist	Þytur	dns	dns	dns	dns	dns	dns	48	40

Akureyrarmót/Lokamót – Haldið af Siglingklúbbnum Nökkva dagana 26-27. ágúst

Sæti	OPINN FLOKKUR	Bátur	Félag	U1	U2	U3	U4	Stig	Leiðrétt
1	Sigurdur Haukur Birgisson	Ilca 7 RS	Ýmir	1	2	1	1	5	3
2	Aðalsteinn Jens Loftsson	AERO 9	Ýmir	2	1	2	2	7	5
3	Birnir Mar Steinþórsson	ILCA 4	Nökkvi	4	4	3	3	14	10
4	Tóbý Sól Hermannsdóttir	Aero 5	Þytur	3	3	5	5	16	11

Sæti	ILCA 6	Bátur	Félag	U1	U2	U3	U4	Stig	Leiðrétt
1	Daníel ernir Jóhanns Gunnarsson	ILCA 6	Brokey	1	1	1	1	4	3
2	Kveldúlfur Snjóki M.G.	ILCA 6	Nökkvi	2	2	2	2	8	6
3	Halldór Gísli	ILCA 6	Þytur	3	3	4	4	14	10

Sæti	OPTIMIST	Bátur	Félag	U1	U2	U3	U4	Stig	Leiðrétt
1	Heimir Halldórsson	Optimist	Brokey	1	1	2	1	5	3
2	Guðmundur Leó Gunnarsson	Optimist	Brokey	2	4	1	2	9	7
3	Lioba Helen Shijo	Optimist	Þytur	3	2	3	3	11	8
4	Aron kári kristjánsson Philip Máni Rögnvaldsson Krueger	Optimist	Þytur	4	3	5	5	17	12
5	Yrsa Eypórsdóttir	Optimist	Þytur	5	5	4	4	18	13
6	Yrsa Eypórsdóttir	Optimist	Þytur	6	6	7	6	25	18
7	Gauti Smárason	Optimist	Brokey	7	7	6	7	27	20
8	Manúel Kató Stefánsson	Optimist	Þytur	8	8	8	9	33	24

Sæti	Rs Tera	Bátur	Félag	U1	U2	U3	U4	Stig	Leiðrétt
1	Ragnar Kári Heiðarsson	RS Tera	Nökkvi	2	1	1	1	5	3
2	Eldey Arnþrúður Matharel Árni Hrafn Reykjalin	Rs Tera	Nökkvi	1	3	3	2	9	6
3	Guðmundsson	RS Tera	Nökkvi	3	2	2	4	11	7

Áramót – Ýmir

Sæti	Áhöfn	Bátur	Félag	U1	U2	Stig
1	Elías Burgos	ILCA 6	Ýmir	1	1	2
2	Guðmundur Leo	Optimist	Brokey	2	2	4
3	Sigurður Haukur	ILCA 6	Ýmir	3	3	6
4	Þorsteinn Aðalsteinsson	RS ZEST	Ýmir	5	4	9
5	Úlfur Hróbjartsson	RS Aero 7	Brokey	4	6	10
6	Daníel og Íslefur Friðrikssynir	RS QUEST	Ýmir	6	5	11
7	Þór Fliering	RS ZEST	Ýmir+	7	7	14

Kjölbátar

Opnunarmót – Haldið í samstarfi við Brokey

Sæti	Bátur	Félag	Skipstjóri	Áhöfn	U1	U2	U3	U4	STIG	Leiðr.
1	Besta	Brokey	Emil Pétursson	Arnar Jónsson Ólafur Már Ólafsson Úlfur H. Hróbjartsson	3	1,5	1	2	7,5	4,5
2	Dögun	Brokey	Þórarinn Stefánsson	Jón Ólafsson Magnús Arason	1	1,5	3	4	9,5	5,5
3	Íris	Brokey	Aron Árnason	Jón Orri Aronsson Óskar Gunnarsson Sigurður Magnússon	2	2	2	3	9	6
4	Sigurborg	Ýmir	Smári Smáráson	Hjörtur Sigurðsson Jóhannes Sveinsson	4	4	4	1	13	9

Faxi og sprettur Haldið í samstarfi við Brokey

Sæti	Bátur	Félag	Skipstjóri	Áhöfn	U1	U2	U3	U4	STIG
1	Besta	Brokey	Arnar Jónsson	Jón Ólafsson Ólafur Már Ólafsson Úlfur H. Hróbjartsson	3	1	2	1	7
2	Sigurborg	Ýmir	Smári Smáráson	Hannes Sveinbjörns. Hjörtur Sigurðsson Jóhannes Sveinsson	2	4	1	2	9
3	Íris	Brokey	Óskar Gunnarsson	Sigurður Magnússon <i>Vantar nafn</i>	1	2	3	3	9

Íslandsmót - Haldið í samstarfi við Brokey

Sæti	Bátur	Félag	Skipstjóri	Áhöfn	1	2	3	4	5	6	7	8	STIG	L.r
1	Íris	Brokey	Aron Árnason	Óskar Gunnarsson, Sigurður Magnússon Jón Orri Aronsson Emil Pétursson	4	3	1	1	1	1	3	2	16	12
2	Besta	Brokey	Baldvin Björgvinsson	Ólafur Már Ólafsson Úlfur H. Hróbjartsson Magnús Arason	1	2	2	2	3	2	1	5	18	13
3	Dögun	Brokey	Þórarinn Stefánsson	Jón Ólafsson Smári Smáráson	2	1	3	4	2	3	2	1	18	14
4	Sigurborg	Ýmir	Hannes Sveinbjörnsson	Jóhannes Sveinsson Hjörtur Sigurðsson Reynir Einarsson	3	4	4	3	4	4	4	3	29	25
5	Sif	Ýmir	Óli Grétar Blöndal Sveinsson	Grímur Tómasson Ólafur Bjarni Bjarnason Gunnar Orri Gröndal Sigríður María	5	5	5	5	5	5	5	4	39	34
6	Gulla Granna	Ýmir	Corinna Hoffmann	Aðalsteinsdóttir Dagbjört Erla Einarsdóttir	6	6	6	sup	sup	sup	sup	sup	53	46

Lokamót - Haldið í samstarfi við Brokey

Sæti	Bátur	Félag	Skipstjóri	Áhöfn	U1	U2	U3	STIG
1	Besta		Baldvin Björgvinsson	Emil Pétursson Ólafur Már Ólafsson Arnar Freyr Jónsson	2	1	1	4
2	Dögun		Þórarinn Stefánsson	Magnús Arason Jón Ólafsson	1	3	3	7
3	Sigurborg		Hannes Sveinbjörnsson	Smári Smáráson Jóhannes Sveinsson Hjörtur Sigurðsson	3	2	2	7

Íslandsbikar –

Báttur	Félag	Opnunarmót	Faxi	Lokamót	Samt
		Stig	Stig	Stig	Stig
Besta	Brokey	1	1	1	3
Dögun	Brokey	2	4	2	8
Sigurborg	Ýmir	4	2	3	9
Íris	Brokey	3	3	4	10

Lög SÍL

Lög Siglingasambands Íslands (SÍL)

1. Skipulag

- 1.1 Sambandið heitir Siglingasamband Íslands skammstafað SÍL.
Það er æðsti aðili innan Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ) um alla þætti siglinga og málefnum þeim tengdum.
- 1.2 Heimili og varnarþing Siglingasambandsins er í Reykjavík.
- 1.3 Öll félög innan ÍSÍ sem leggja stund á siglingar undir seglum, árum, drekum eða vélarafli, eru aðilar að SÍL, með aðild að hlutaðeigandi héraðssambandi eða íþróttabandalagi.
- 1.4 Tilgangur og markmið.
Auk hefðbundinnar keppni, æfinga og þjálfunar til líkamlegrar heilsuræktar, samanber lög ÍSÍ, er það í verkahring SÍL að sinna hagsmunamálum sem tengjast siglingum svo sem á sviði fræðslu-, réttinda-, öryggis-, samgöngu-, ferða og umhverfismála.
Önnur markmið eru:
 - Að hafa yfirstjórn og vinna að eflingu siglinga m.a. með fræðslu, útbreiðslu- og kynningarstarfsemi.
 - Að vera málsvari siglingamanna jafnt innanlands sem erlendis.
 - Að koma fram fyrir hönd siglinga gagnvart opinberum aðilum.
 - Að þýða alþjóðlegar kappsiglingareglur og gefa út.
 - Að setja nauðsynlegar reglur, löggilda dómara og keppnisstjóra, ráðstafa landsmótum og staðfesta met.
 - Efla siglingar sem tómstunda- og almenningsíþrótt.

2. Stjórnun

- 2.1 Siglingasambandi Íslands er stjórnað af
 - a) Siglingaþingi
 - b) Stjórn SÍL
- 2.2 Reikningar SÍL skulu endurskoðaðir ár hvert af félagslegum skoðunarmönnum reikninga sem siglingaþing kýs árlega til eins árs í senn. Félagslegir skoðunarmenn reikninga mega ekki sinna öðrum störfum fyrir SÍL sem snerta fjármál. Þeir bera ábyrgð gagnvart siglingaþingi og skulu þeir eiga greiðan aðgang að öllu bókhaldi SÍL og er stjórninni skylt að veita þeim allar nauðsynlegar upplýsingar um fjármál og reikningshald þess. Felli siglingaþing framlagða reikninga fer fram yfirskoðun eftir reglum sem þingið setur. Að þeirri yfirskoðun lokinni skal boðað til aukabings (sbr. lið 5) sem tekur nánari ákvörðun um reikninga.

3. Siglingaþing

- 3.1 Siglingaþing fer með æðsta vald í málefnum SÍL.
- 3.2 Siglingaþing sitja fulltrúar frá þeim aðilum sem mynda SÍL.
- 3.3 Þrír fulltrúar koma frá hverju aðildarfélagi innan hvers héraðssambands eða íþróttabandalags.
- 3.4 Þingið skal haldið í febrúar ár hvert. Skal þingið auglýst eða boðað til þess bréflaga eða með tölvupósti með 5 vikna fyrirvara og ítrekað síðar. Stjórn SÍL ákveður fundarstað.
- 3.5 Tillögur um lagabreytingar og málefni sem sambandsaðilar óska eftir að tekin verði fyrir á þinginu, skal tilkynna stjórn SÍL, bréflaga eða með tölvupósti minnst 3 vikum fyrir þingið.

- 3.6 Eigi síðar en 2 vikum fyrir siglingaþing skal senda héraðssamböndum/ íþróttabandalögum og aðildarfélögum fundarboð (síðara fundarboð) með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir þingið.
- 3.7. Fastanefndir SÍL starfa á milli þinga og tveim vikum fyrir Siglingaþing skal nefndarmönnum vera sendar tillögur sem liggja fyrir þinginu. Formaður nefndar kallar saman nefndina til að fara yfir tillögur og l eggja fram álit á siglingaþingi. Fundir nefndanna mega vera rafrænir og opnir fyrir áheyrendur. (Bætt við á 48. Siglingaþingi)
- 3.8 Siglingaþing er lögmeitt ef löglega hefur verið til þess boðað.
- 3.9 Á siglingaþingi hafa fulltrúar einir atkvæðisrétt, en rétt til setu á siglingaþingi með málfrelsi og tillögurétt hafa:
- a. stjórn SÍL
 - b. heiðursformaður og heiðursfélagar
 - c. fulltrúi héraðssambands/íþróttabandalags sem hefur siglingar innan sinna vébanda
 - d. framkvæmdastjórn ÍSÍ
 - e. fastráðnir starfsmenn SÍL og ÍSÍ
 - f. allir nefndarmenn SÍL
 - g. fulltrúi ráðuneytis íþróttamála auk þess getur stjórnin boðið öðrum aðilum þingsetu ef hún telur ástæðu til.
- 3.10 Aðeins sá sem er í félagi, sem iðkar siglingar og er innan sérráðs eða héraðssambands/ íþróttabandalags er kjörgengur fulltrúi þess á siglingaþingið.
- 3.11 Allir fulltrúar skulu vera tilgreindir á kjörbréfi frá viðkomandi sambandsaðila og skal kjörbréfum skilað inn til stjórnarinnar eigi síðar en einni viku fyrir siglingaþing.
- 3.12 Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum mála nema annað segi í lögum þessum um tiltekin mál eða málaflokka. Enginn fulltrúi getur farið með fleiri en 3 atkvæði og þá eingöngu fyrir þann aðila sérráðs eða sambands/ bandalags sem hann er fulltrúi fyrir á þinginu.

4. Dagskrá siglingaþings

- 4.1.1. Formaður setur þing.
2. Kosning 3 manna kjörbréfanefndar
3. Kjörinn þingforseti.
4. Kjörmir 1. og 2. þingritari
5. Ávörp gesta
6. Álit kjörbréfanefndar lagt fram og samþykktar
7. Lögð fram skýrsla stjórnar
8. Lagður fram til samþykktar endurskoðaður rekstrar og efnahagsreikningur liðins árs af félagslega kjörnum skoðunarmönnum reikninga félagsins.
9. Umræður um skýrslu stjórnar
10. Umræður um og samþykkt reikninga
11. Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir næsta fjárhagsár
12. Lagabreytingatillögur
13. Aðrar tillögur sem kynntar voru í fundarboði
14. Önnur mál: Teknar fyrir tillögur og önnur mál sem lögð hafa verið fyrir þingið
15. Tillögur fjárhagsnefndar
16. Kosningar
 - a) Stjórn og varastjórn sbr 6 gr.

- b) Kosning fastanefnda (Breyting gerð á 48 Siglingaþingi) (Stjórn SÍL á komandi ári þurfi að finna og skilgreina hlutverk þessara nefnda sem verði lagt fyrir SÍLÞING 2022)
 - i) Fjárhagsnefnd 3 manna
 - ii) Laga- og leikreglnanefnd 3 manna
 - iii) Mótanefnd 3 manna
- c) Tveir félagslega kjörnir skoðunarmenn reikninga (sbr. lið 2.2).
- d) Fulltrúa á íþróttáþing í samræmi við reglur ÍSÍ

17. Þingslit

18. Allar kosningar gilda fram að kosningu á næsta siglingaþingi. Þær skulu vera skriflegar nema aðeins sé stungið upp á jafnmörgum og kjósa skal

- 4.2 Þingið getur með 2/3 atkvæða viðstaddra fulltrúa heimilað að tekið sé fyrir mál sem fram kemur eftir að dagskrá þingsins hefur verið send sambandsaðilum SÍL.
- 4.3 Árskýrsla SÍL, sem stjórnin skal leggja fyrir þingið, svo og ágríp af fundargerðum þingsins, skal senda framkvæmdastjórn ÍSÍ og sambandsaðilum SÍL, innan tveggja mánaða frá þingslitum.

5. Aukaþing

- 5.1 Aukaþing skal kalla saman með a.m.k. 3 vikna fyrirvara.
 - a) Eftir ákvörðun siglingaþings
 - b) Þegar a.m.k. ½ sambandsaðila óskar þess.
 - c) Að frumkvæði stjórnar SÍL
- 5.2 Tillögur um málefni sem óskast tekin fyrir á aukaþingi skulu hafa borist stjórn SÍL minnst 14 dögum fyrir þingsetningu.
- 5.3 Eigi síðar en 6 dögum fyrir aukaþing skal senda aðilum dagskrá þingsins.
- 5.4 Á aukaþingi má ekki gera lagabreytingar og ekki kjósa stjórn nema bráðabirgðastjórn, ef meirihluti stjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum eða stjórnin að eigin dómi orðið óstarfhæf.
- 5.5 Að öðru leiti gilda sömu reglur og um reglulegt siglingaþing.

6. Stjórn SÍL og nefndir

- 6.1 Í stjórn SÍL eiga sæti.:
 - a) 5 menn.
 - Kosning fari þannig fram;
 - 1 formaður
 - 4 meðstjórnendur
 - 3 varamenn

Fái fleiri en þeir sem kjósa á jafnmörg atkvæði, skal kjósa um þá á ný bundinni kosningu. Verði þeir enn jafnir ræður hlutkesti.
 - b) Stjórn kýs varaformann, ritara og gjaldkera úr sínum hópi.
 - c) Varamenn taki sæti í stjórn í þeirri röð sem atkvæðamagn segir til um. Verði varamenn sjálfkjörnir taka þeir sæti í stjórninni í þeirri röð sem þeir voru tilnefndir.
 - d) Ef formaður hættir á kjörtímabilinu tekur varaformaður sæti hans.
- 6.2 Stjórnin heldur fundi eigi sjaldnar en annan hvorn mánuð. Formaður SÍL boðar stjórnarfundi og stýrir þeim.
- 6.3 Stjórninni er heimilt að ráða launað starfsfólk.
- 6.4 Aðsetur stjórnarinnar er í Reykjavík.

6.5 Nefndir kosnar á Siglingaþingi starfa fram að kosningu á næsta þingi og geta verið ráðgefandi fyrir stjórn SÍL. Fyrir þing skulu þær fara yfir þær tillögur sem liggja fyrir þinginu og gefa álit á þeim tillögum. (bætt við á 48 Siglingaþingi)

7. Starf stjórnar

7.1 Starf stjórnar SÍL er m.a.;

- a) Að framkvæma ályktanir siglingaþings
- b) Að annast rekstur sambandsins.
- c) Að vinna að eflingu siglinga.
- d) Að senda framkvæmdastjórn ÍSÍ lögboðnar skýrslur og tilkynningar.
- e) Að líta eftir því að lög og leikreglur SÍL séu haldnar.
- f) Að setja nauðsynleg bráðabirgðaákvæði.
- g) Að ráðstafa þeim styrkjum sem SÍL fær til umráða.
- h) Að koma fram erlendis fyrir hönd SÍL.
- i) Að sjá útgáfumál SÍL.

7.2 Stjórn SÍL skal gæta þess að formannafundur séu haldnir amk einu sinni á hverju sex mánaða tímabili.

8. Sérráð

- 8.1 Siglinga- og róðrarsér ráðin (héraðssamböndin) eru milliliðir milli félaga sinna og stjórnar SÍL. Í samráði við hlutaðeigandi héraðssambönd skal SÍL vinna að stofnun sér ráða.
- 8.4 Stjórn SÍL hefur frjálstan aðgang að öllum siglingamótum og sýningum sem fram fara innan vébanda SÍL. Einnig á hún rétt á að sitja aðalfundi sér ráða, Dómarafélaga og héraðssambanda sem eru aðilar að sambandinu.

9. Ýmis ákvæði

- 9.1 Merki SÍL: merki siglingasambandsins er hvítt stórsegl og ár á bláum grunni.
- 9.2 Heiðursformann SÍL má kjósa á siglingaþingi, ef 4/5 mætttra fulltrúa samþykkja kjörið.
- 9.3 Heiðursformaður SÍL kemur fram fyrir hönd sambandsins, þegar stjórn þess eða formaður kunna að óska og fela honum það.
- 9.4 Heiðursfélaga SÍL má kjósa á siglingaþingi.
- 9.5 Heiðursfélagar hafa rétt til setu á siglingaþingum með málfrelsi og tillögurétt.

10. Slit SÍL

- 10.1 Tillögur um að leggja SÍL niður má aðeins taka fyrir á lögmætu siglingaþingi. Til þess að samþykkja slíka tillögu þarf minnst $\frac{3}{4}$ hluta atkvæða.
- 10.2 Hafi slík tillaga verið samþykkt skal gera öllum sambandsaðilum grein fyrir henni í þinggerð og tillagan síðan látin ganga til næsta reglulegs þings. Verði tillagan þá samþykkt aftur er það fullgild ákvörðun um að leggja SÍL niður.
- 10.3 Ráðstöfun eigna: Sé SÍL þannig löglega slitið, skal afhenda ÍSÍ eignir SÍL til varðveislu. Þar til annað siglingasamband verður stofnað og skulu þá eignir gamla SÍL renna til þess óskertar.
- 10.4 Lagabreytingar: lögum þessum verður ekki breytt nema á siglingaþingi og þá aðeins með 2/3 hlutum greiddra atkvæða.

Lög þessi voru samþykkt á 40. Siglingaþingi 23. febrúar 2013, með breytingum samþykktum á 41. Siglingaþingi 22. febrúar 2014, með breytingum samþykktum á 45. Siglingaþingi 17. febrúar 2018, með breytingum samþykktum á 48. Siglingaþingi 27. febrúar 2021 með breytingum samþykktum á 49. Siglingaþingi 27. mars 2022

Reikningar 2025

REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2025

Rekstrartekjur	2025	2024
Útbreiðslustyrkur	2.508.814	4.093.295
Ríkisstyrkur	2.429.849	2.523.934
Afrekssjóður ÍSÍ	2.914.000	1.150.000
DNSS styrkur IOC/OS	1.019.351	3.180.783
Afrekssjóður ÍSÍ, niðurfelldur styrkur 2021		
ÍSÍ Lottó	6.686.871	4.875.753
Afrekssstyrkur til bátakaupa		200.000
Páttökugjöld	763.507	498.128
Námskeiðagjöld		494.498
IRC forgjölf kjölbáta	36.723	253.493
Lokahóf SÍL	180.000	164.000
Aðrar tekjur	140.631	
	16.679.746	17.433.884
Rekstrarkostnaður		
Laun og launatengd gjöld		
Laun	8.580.000	7.924.339
Launatengd gjöld	1.735.764	1.521.584
Tryggingargjald	607.488	591.868
	10.923.252	10.037.791
Húsnæði og skrifstofukostnaður		
Húsaleiga	662.964	626.532
Bókhalds- og uppgjörskostnaður	58.905	12.357
Síma- lénskostn og hugb. þjónusta	142.694	42.652
Tölvubún og leiga á hugb. leifum	0	160.913
	864.563	842.454
Annar kostnaður		
Ferða og hótélkostnaður		
Námskeiðakostnaður	524.522	645.161
Kynning, fræðsla og útbreiðsla	662.913	841.371
Mót erlendis		
Æfingabúðir og erlend mót	656.222	2.422.154
Búningar	29.358	49.737
Félags og aðildargjöld	183.807	107.177
IRC forgjölf		89.810
Afreksskostnaður	1.891.042	961.650
Þing og fundarkostnaður	1.409.102	1.296.064
Verktakar		
Verðlaunapeningar	109.730	134.320
Tryggingar	57.415	52.113

Lokahóf	86.800	266.700
Niðurfærðar birgðir	125.521	125.521
Gjafir	46.496	
Ýmislegur annar rekstrarkostnaður	27.992	
	5.810.920	6.991.778
Fjármagnsliðir		
Vaxtatekjur	1.874.008	955.683
Vaxtagjöld	-62.823	-1.048
Innheimtu, posa og þjónustugjöld	-8.432	-16.095
Fjármagnskostnaður	-200.307	-209.736
Samtals	1.602.446	728.804
Hagnaður/Tap ársins	683.457	290.665

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2025

	2025	2024
EIGNIR		
<i>Fastafjármunir:</i>		
Varanlegir rekstrarfjármunir		
Áhöld og tæki	1.016.717	1.129.684
	<u>1.016.717</u>	<u>1.129.684</u>
<i>Veltufjármunir:</i>		
Skammtímafröfur		
Viðskiptafröfur	3.990.792	6.336.208
Aðrar viðskiptafröfur		5.613
Handbært fé:		
Bankareikningar	17.738.134	11.001.835
Veltufjármunir samtals	<u>21.728.926</u>	<u>17.343.656</u>
Eignir alls	<u>22.745.643</u>	<u>18.473.340</u>
 SKULDIR OG EIGIÐ FÉ		
<i>Eigið fé</i>		
Óráðstafað eigið fé	20.843.109	17.069.188
Eigið fé samtals	<u>20.843.109</u>	<u>17.069.188</u>
 <i>Skuldir</i>		
Lánadrottinnar		1.186.758
Launatengd gjöld	1.902.534	217.394
Skuldir samtals	<u>1.902.534</u>	<u>1.404.152</u>
Skuldir og eigið fé alls	<u>22.745.643</u>	<u>18.473.340</u>

Áritun skoðunarmanna

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn reikninga SÍL fyrir árið 2025 höfum yfirfarið reikningana og borið saman við fylgiskjöl og bókhaldsfærslur og höfum engar athugasemdir þar við.

Reykjavík 21. febrúar 2026

Ragnar Hilmarsson sign

Ólafur Már Ólafsson
sign